



Reykjavík 7. júní 2022



Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Mál nr. 90/2022

Varðar: Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls

Hugvísindasvið Háskóla Íslands lýsir yfir eindregnum stuðningi við tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls (ÍTM) (Mál nr. 90/2022). Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls, nr. 61/2011, tóku gildi þann 7. júní 2011 en með þeim er tryggður réttur þeirra sem hafa ÍTM að móðurmáli eða fyrsta mál til jafns við rétt þeirra sem hafa íslenska tungu að móðurmáli/fyrsta máli. Tími er því kominn til að fyrsta opinbera málstefnan sé samin um íslenskt tákn mál og að mótuð sé aðgerðaráætlun til að tryggja stöðu ÍTM og málhafa þess í samfélaginu.

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni og greinargerð um hana er íslenskt tákn mál minnihlutamál sem nú er í útrýmingarhættu. Á Hugvísindasviði Háskóla Íslands er boðið upp á BA-nám í tákn málsfræði og tákn málstúlkun auk þess sem þar er starfrækt Rannsóknarstofa í tákn málsfræðum sem starfar innan vébanda Málvísindastofnunar. Sem eina háskólastofnun sem býður upp á nám og rannsóknir á ÍTM lýsir Hugvísindasvið yfir ánægju með þingsályktunartillögunni og þá fræðilegu greinargerð og nákvæmu aðgerðaráætlun sem henni fylgir. Nauðsynlegt er að styrkja stöðu ÍTM í menntakerfinu og fjölga með því tákn málstalandi málfyrirmyndum tákn málsbarna í leik- og grunnskólum auk þess sem rannsóknir á ÍTM skipta sköpum fyrir varðveislu íslenskra menningarverðmæta.

f.h. Hugvísindasvið Háskóla Íslands



Ólöf Garðarsdóttir, forseti Hugvísindasviðs

olofgard@hi.is